

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 890/2016 um doktorsnám og doktorspróf við heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. reglnanna:

- a. Í stað orðalagsins „MS-/MA-prófi“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: meistaraþrófi.
- b. 3. másl. 1. mgr. breytist og orðast svo: Heimilt er að innrita nemanda í samþætt doktorsnám og meistaranám að loknu BS-/BA-námi, eða samþætt doktorsnám og kandidateitnám í læknisfræði að loknu þriðja námsári til kandidateitnsprófs í læknisfræði við læknadeild, þ.e. að loknu 180 eininga námi til BS-prófs í læknisfræði.

#### 2. gr.

Í stað orðanna „telst 180 einingar“ í 2. másl. 1. mgr. 8. gr. reglnanna kemur: telst 180 eða 240 einingar.

#### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. reglnanna:

- a. 2. másl. 1. mgr. breytist og orðast svo: Hafi doktorsnemi ekki þegar lokið námskeiðum í tölfræði, vísindalegri aðferðafræði og siðfræði er honum skylt að taka slík námskeið.
- b. Í stað núverandi 1., 2. og 3. másl. 2. mgr. kemur nýr másl. 2. mgr. svohljóðandi: Ætlast er til að doktorsnemi taki þátt í ráðstefnum á viðkomandi fræðasviði.

#### 4. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð Háskóla Íslands hefur samþykkt, að fenginni tillögu heilbrigðisvísindasviðs, eru settar í samræmi við VI. kafla reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 og með heimild í lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Reglurnar hafa verið samþykktar af deildum heilbrigðisvísindasviðs, stjórn fræðasviðsins og Miðstöð framhaldsnáms, sbr. 66. og 69. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Reglurnar öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 9. september 2019.*

**Jón Atli Benediktsson.**

*Þórður Kristinsson.*